

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli.

Óveruleg deiliskipulagsbreyting á vestursvæði Keflavíkurflugvallar vegna lóðarinnar Fálkavöllur 13.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti 5. júní 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi á vestursvæði Keflavíkurflugvallar vegna stækkunar á byggingarreit og aukningar á byggingarmagni á lóðinni Fálkavöllur 13.

Í deiliskipulagsbreytingunni er byggingarreiturinn lengdur til suðurs um 8 metra og byggingarmagn er aukið um 400 m². Nýtingarhlutfall á lóð fer úr 0,47 í 0,49 og hámarksbyggingarmagn úr 12.000 í 12.400 m².

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 12. júní 2025.

Björn Ingi Edvardsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025